

Bréf

Skipulagsstofnun

Reykjavík, 03. desember 2014

Sigurður Ásbjörnsson

UST20141000189

Laugavegi 166

150 Reykjavík

Efni: Thorsil. Frekari umsögn

Vísað er til tölvupósts Skipulagsstofnunar dags. 28. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um nýjar og fyllri upplýsingar frá framkvæmdaraðila.

Umhverfisstofnun þakkar frekari skýringar Thorsil á ýmsum atriðum sem Umhverfisstofnun fjallaði um í umsögn sinni. Hvað varðar þá fullyrðingu Umhverfisstofnunar að það sé sett á herðar lesanda frummatsskýrslunnar að meta samlegðaráhrif Thorsil og Norðuráls annara vegar og S9 hins vegar þá var þar fyrst og fremst átti við myndræna framsetningu á myndum 6.6 – 6.12. Skýrsluhöfundar gera vissulega sitt besta við að lýsa helstu niðurstöðum í skýringartextum.

Eftir stendur að myndræn framsetning á dreifingu og styrk loftmengunar er ávallt besta aðferðin til að setja þau gögn fram og það verður ekki gert svo auðskiljanlegt sé fyrir almenning nema reikna losun allra verksmiðjanna þriggja í eitt sameiginlegt dreifilíkan. Til þess að það sé mögulegt þurfa öll fyrirtæki að leggja fram allar upplýsingar um losun á sama formi þannig þær séu tækar í sameiginlegt dreifilíkan.

Að öðru leyti vísar Umhverfisstofnun til umsagnar um frummatsskýrslu.

Virðingarfyllst

---

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir